



## 204. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 11. sept. 2019 kl. 10:00.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Haraldur Eiríksson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var í símasambandi, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Lísía Garðarsdóttir, Pia Rita Simone Schmauder (fulltrúi foreldra) var fjarverandi, Sólmundur Sigurðarson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Jón G. Valgeirsson varaformaður skólanefndar setti fundinn kl. 10:05

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 203 var samþykkt án athugasemda og undirrituð af fundarmönnum.

#### 2. Endurnýjun í formennsku nefndarinnar

Stungið var upp á Ingvari Pétri sem formanni áfram og Jóni Valgeiri sem varaformanni. Samþykkt samhljóða.

#### 3. Upphaf annar (starfsmannamál og fleira) – OLG

Olga Lísía var boðin velkomin aftur til starfa. Hún fór síðan yfir mannabreytingar sem voru nokkrar núna við upphaf annar. Unnið hefur verið að viðhaldsmálum á húsnæði skólans. Oddi var hreinsaður að utan og málaður. Hljóðvist var löguð í vélasalnum í trédeildinni í Hamri. Loftræsting var yfirfarin og lagfærð í Hamri. Ýmislegt hefur verið lagfært innanhúss. Skipt var um lýsingu í íþróttahúsinu Iðu. Framundan er ýmislegt og má þar nefna starfsmannasamtöl, innleiðingu jafnlaunastaðals, ráðstefnur sen nýtast kennurum í starfsþróun, vinnu að Gopro skjalakerfinu sem og að umhverfismálum. Vinnuaðstaða starfsmanna hefur verið bætt.

Nemendafjöldi haustönn 2019 í dagskóla er 799 þar af eru 210 nýnemar. Fjárlög næsta árs benda til minnkandi fjármagns til skólans þó svo að nemendum fjölgi.

**Bókun:** Skólanefnd FSu lýsir yfir áhyggjum sínum vegna minnkandi fjármagns til skólans á fjárlögum 2020. Áætlaður nemendafjöldi í drögum að fjárlögum er of lágur miðað við fjölda þeirra sem sækja skólann á þessu ári.

#### 4. Heimavist við FSu – áskoranir frá sunnlenskum sveitarfélögum – hlutv. skólan. - OLG

Gestir voru mættir á fundinn til þess að ræða málin Einar Freyr Elínarson, Anton Kári Halldórsson og Sandra Brá Jóhannsdóttir (sveitastjórnarmenn að austan). Þau sitja í vinnuhópi sem stjórn SASS skipaði til þess að vinna að byggingu heimavistar. Ályktun frá hópnum var lögð fram. Einar las upp ályktunina sem hann síðan afhenti undirritaða til formanns skólanefndar og skólameistara. Umræður sköpuðust um heimavistarmálin. Almennu eru allir sammála um að þörf sé á heimavist við skólann.



**Bókun:** Skólanefnd FSu lýsir yfir stuðningi við byggingu heimavistar og styður ályktun frá aðildarsveitarfélögum um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands frá 2. september 2019.

## 5. Ársreikningur FSu fyrir 2018 – HE

Haraldur Eiríksson lagði fram til kynningar ársreikning FSu frá árinu 2018. Staða skólans er góð.

## 6. Önnur mál

### a. Fréttir frá Sólmundi

Nýnemar hafa verið virkir og tekið þátt í því sem boðið hefur verið uppá fyrir nemendur.

Söngkeppnin verður 24. október í Iðu og er undirbúningur hafinn. Stefnt er að öðrum dansleik í nóvember.

### b. Erasmus verkefni

Gestir eru núna hér hjá okkur vegna Erasmus verkefna. Gestirnir koma frá Spáni, Slóvakíu og Frakklandi. Nokkur Erasmus verkefni eru í gangi í vetur.

### c. Forvarnir

Unnið verður sérstaklega að forvörnum í október en annars er alltaf verið að vinna að þeim málum.

Næsti fundur er fyrirhugaður þri. 12. nóvember kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:40  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson